24
7. maí

# LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1952.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1952 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

| | Innborganir: | | Áætlun: | | Reikningur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga .. | kr. | 287 850 000.00 | kr. | 317 222 003.78 |
| 2. | — — 3. — A. — .. | — | 84 893 378.00 | — | 94 478 438.35 |
| 3. | — — 3. — B. — .. | — | 10 000.00 | — | 2 061.24 |
| 4. | — — 4. — — .. | — | 1 935 000.00 | — | 3 636 768.15 |
| 5. | — — 5. — — .. | — | 1 500 000.00 | — | 4 724 242.80 |
| 6. | Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga | — | 5 950 000.00 | — | 87 992 322.76 |
| | Greiðslujöfnuður .................... | | | — | 4 110 436.25 |
| | | Kr. | 382 138 378.00 | Kr. | 512 166 273.33 |

| | Útborganir: | | Áætlun: | | Reikningur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Gjöld samkvæmt 7. gr. fjárlaga .. | kr. | 3 783 775.00 | kr. | 5 027 232.51 |
| 2. | — — 8. — — .. | — | 438 035.00 | — | 812 259.44 |
| 3. | — — 9. — — .. | — | 3 544 170.00 | — | 3 705 771.72 |
| 4. | — — 10. — I. — .. | — | 5 192 834.00 | — | 7 031 982.01 |
| 5. | — — 10. — II. — .. | — | 777 530.00 | — | 820 319.31 |
| 6. | — — 10. — III. — .. | — | 4 928 900.00 | — | 5 249 915.07 |
| 7. | — — 11. — A. — .. | — | 22 600 776.00 | — | 24 126 464.36 |
| 8. | — — 11. — B. — .. | — | 1 575 686.00 | — | 1 721 267.45 |
| 9. | — — 11. — C. — .. | — | 8 562 945.00 | — | 9 926 393.10 |
| 10. | — — 11. — D. — .. | — | 2 250 000.00 | — | 2 314 101.17 |
| 11. | — — 12. — — .. | — | 24 981 170.00 | — | 26 676 464.65 |
| 12. | — — 13. — A. — .. | — | 33 978 221.00 | — | 38 695 117.10 |
| 13. | — — 13. — B. — .. | — | 5 003 000.00 | — | 10 252 447.88 |
| 14. | — — 13. — C. — .. | — | 10 641 205.00 | — | 12 527 492.84 |
| 15. | — — 13. — D. — .. | — | 3 582 617.00 | — | 3 225 152.30 |
| 16. | — — 14. — A. — .. | — | 5 521 442.00 | — | 5 551 313.88 |
| 17. | — — 14. — B. — .. | — | 50 771 722.00 | — | 53 780 619.45 |
| 18. | — — 15. — A. — .. | — | 4 222 083.00 | — | 4 545 760.44 |
| 19. | — — 15. — B. — .. | — | 5 702 790.00 | — | 5 831 539.52 |
| 20. | — — 16. — A. — .. | — | 38 560 859.00 | — | 39 080 644.88 |
| 21. | — — 16. — B. — .. | — | 4 981 300.00 | — | 4 955 297.17 |
| 22. | — — 16. — C. — .. | — | 1 701 220.00 | — | 1 699 720.00 |
| 23. | — — 16. — D. — .. | — | 6 807 361.00 | — | 5 342 843.74 |
| 24. | — — 17. — — .. | — | 41 129 113.00 | — | 41 670 792.53 |
| 25. | — — 18. — — .. | — | 11 158 231.00 | — | 11 447 373.01 |
| 26. | — — 19. — 1. — .. | — | 25 000 000.00 | — | 27 152 299.94 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 27. Gjöld samkvæmt 19. gr. 2. fjárlaga .. | kr. | 3 500 000.00 | | | 24 |
| 28. — — 19. — 3. — .. | — | 1 500 000.00 | kr. | 4 508 127.95 | 7. maí |
| 29. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga | — | 47 076 075.00 | — | 154 487 559.91 | |
| Greiðslujöfnuður .................... | — | 2 665 318.00 | | | |
| | Kr. | 382 138 378.00 | Kr. | 512 166 273.33 | |

*Gjört að Bessastöðum, 7. maí 1955.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

25
7. maí

## um breyting á lögum nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. málsl. 2. málsgr. 1. gr. laganna komi:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar, að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, í Hafnarfirði, á Akureyri, á Siglufirði, í Keflavík og í Vestmannaeyjum, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Leyfi til leigubifreiðaaksturs samkvæmt lögum þessum má einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgöngumálaráðherra setur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags.

Í reglugerðinni skal ákveðið, að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1955.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*